

1992. – 1062 ár frá stofnun Alþingis.
116. löggjafarþing. – 173. mál.

199. Tillaga til þingsályktunar

um atvinnuþróun í Mývatnssveit.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu. Að úttektinni verði unnið samhliða rannsóknum á áhrifum kísilgúrnáms úr Mývatni á lífríki svæðisins og fyrstu niðurstöðum skilað og þær kynntar Alþingi fyrir febrúarlök 1993.

Greinargerð.

Íslenska ríkið hefur óvenjumiklar skyldur við Mývatnssveit og svæðið meðfram Laxá. Því valda ákvarðanir sem teknar hafa verið um lögverndun á náttúru svæðisins og aðild ríkisins að uppbyggingu atvinnufyrirtækja þar síðustu áratugi, einkum Kísiliðjunnar og Kröfluvirkjunar.

Mývatnssveit er þjóðgarðsígildi og hefur auk þess fengið alþjóðlega stöðu í náttúruvernd með því að flokkast undir Ramsar-sáttmálann. Svæðið er einstakt á heimsmælikvarða, bæði sökum lífríkis og jarðmyndana. Mývatn hefur gífurlegt alþjóðlegt aðdráttarafl eins og best sést á þeim mikla og vaxandi fjölda ferðamanna sem þangað leggur leið sína.

Uppbygging og rekstur Kísiliðjunnar hf. í Mývatnssveit frá árinu 1967 að telja hefur haft mikil áhrif á byggðarlagið og verið aðalundirstaðan undir fjölgun íbúa frá því sem áður var. Starfsemi verksmiðjunnar hefur frá upphafi verið umdeild og margir hafa haft áhyggjur af því að rekstur hennar hefði neikvæð áhrif á lífríki svæðisins. Þessar áhyggjur hafa ýtt undir rannsóknir og með lögunum um verndun Mývatns- og Laxásvæðisins var sett á fót sérstök rannsóknastöð við Mývatn.

Nefndir sérfræðinga hafa starfað á vegum stjórnvalda til að fá sem gleggsta mynd af lífríki Mývatns og til að láta kanna hugsanleg áhrif af starfsemi verksmiðjunnar á það. Í júlí 1991 skilaði sérfræðinganefnd á vegum umhverfisráðuneytisins álit um „áhrif Kísiliðjunnar hf. á lífríki Mývatns“ og í framhaldi af því setti iðnaðarráðherra á fót sérfræðingahóp til að móta tillögur um frekari rannsóknir á áhrifum kísilgúrnáms á lífríki svæðisins. Sá hópur skilaði tillögum 25. mars 1992 og í samræmi við þær verða nú hafnar rannsóknir á vegum umhverfisráðuneytis á áhrifum efnistöku af botni Mývatns. Þessar rannsóknir eiga að varpa ljósi á þá spurningu hvort og hversu lengi sé ráðlegt að halda áfram kísilgúrtöku af botni Mývatns og þá um leið starfrækslu verksmiðjunnar.

Hér er um svo afdrifaríkt mál að ræða fyrir samfélagið við Mývatn að óverjandi er annað en að stjórnvöld láti samhliða kanna möguleika á þróun atvinnulífs og nýsköpun til að tryggja byggð og sjálfbæra þróun í Mývatnssveit. Það er nú orðin viðurkennd regla víða um lönd að fyllstu varúðar beri að gæta þá mannleg umsvif eru annars vegar og óvissu eigi að meta náttúruverndinni í vil. Það getur varla orkað tvímælis að slíka reglu beri að virða þegar lífríki Mývatns er annars vegar. Því leggja flutningsmenn þessarar til-

lögu áherslu á að stjórnvöld komi til liðs við heimamenn nú þegar með þeirri úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir.

Tillaga þessi var flutt síðla á 115. löggjafarþingi en komst þá ekki til umræðu. Svipuð tillaga um áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit var flutt á 110. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Er hún prentuð sem fylgiskjal hér á eftir ásamt fréttatilkynningu umhverfisráðuneytis frá 27. mars 1992 um námaleyfi Kísiliðjunnar við Mývatn. Einnig fylgir útdráttur úr skýrslu ráðgjafarhóps um könnun á áhrifum kísilgúrnáms á setflutninga í Mývatni og mikilvægi þeirra fyrir lífríki vatnsins.

Fylgiskjal I.

**Tillaga til þingsályktunar
um áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit.**
Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Árni Gunnarsson, Halldór Blöndal,
Málmfríður Sigurðardóttir, Stefán Valgeirsson, Valgerður Sverrisdóttir.
(458. mál á 110. löggjafarþingi.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefjast nú þegar handa um gerð áætlunar um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit til að treysta forsendur byggðar á svæðinu og leysa þann vanda sem að óbreyttu mundi skapast ef Kísiliðjan hf. yrði að hætta rekstri. Unnið verði að gerð þessarar áætlunar samhliða ítarlegum rannsóknum á áhrifum kísilgúrnáms á lífríki svæðisins. Leiði slíkar rannsóknir í ljós að lífríki Laxár og Mývatns verði fyrir eða síðar stefnt í hættu með áframhaldandi kísilgúrnámi skal þegar í stað hafist handa um að framkvæma áætlunina. Jafnframt verði þá reynt að meta hve mikinn kísilgúr til viðbótar telst óhætt að nýta og hve langur tími gefst til að hrinda áætluninni í framkvæmd.

Áætlunin skal miða að því að efla atvinnulíf og stuðla að uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi sem samrýmist sérstökum lögum um verndun svæðisins. Skal áætlunin unnin í samvinnu við heimamenn í Mývatnssveit, náttúruverndaraðila og samráð haft við atvinnuálanefnd sameinads Alþingis.

Kostnaður við gerð áætlunarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 107. löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Hún er nú endurflutt litillega breytt. Aðstæður eru í aðalatriðum óbreyttar í Mývatnssveit og þörfin því söm og áður fyrir aðgerðir af þessu tagi að mati flutningsmanna. Tillögunni fylgdi á sínum tíma svohljóðandi greinargerð sem er enn í fullu gildi:

„Mývatnssveit og Laxá ásamt næsta nágrenni hafa verulega sérstöðu meðal þeirra svæða á Íslandi sem öðrum fremur hafa náttúrufræðilegt verndargildi. Sérstáðan felst í því að á áður nefndu svæði er að finna margar dýrmætustu perlur íslenskrar náttúru og einnig í hinu að í Mývatnssveit er fjölmennt sveitarfélag með sjálfstæðan tilverurétt. Ástæður eru því ólkar því sem gerist til að mynda í lítt byggðum eða óbyggðum þjóðgördum. Þessa staðreynd höfðu höfundar frumvarps til laga um verndun Mývatns og Laxár í huga en í greinargerð með því frumvarpi frá 1973 segir orðrétt:

„... Ef Mývatnssveit væri óbyggð væri eflaust búið að gera allt svæðið að þjóðgarði með öllum þeim takmörkunum og reglum um umferð og umgengni sem um slíkan þjóðgarð yrðu settar. En horfast verður í augu við þá staðreynd að Mývatnssveit er tiltölulega fjölmennt sveitarfélag og sökum hins sérstæða náttúrufræðilegs sveitarinnar er ferðamannastraumur skollinn þar á með fullum þunga. Að því er varðar náttúruvernd á þessu svæði verður því að taka tillit til margra ólíkra sjónarmiða sem stundum getur reynt erfitt að samræma. Þó er auðsætt að keppa ber að því að þar geti haldist blómlegt mannlíf um ókomin ár, en jafnframt verður að leggja ríka áherslu á verndun þeirra miklu náttúruverðmæta sem þar er að finna. Góður árangur af þeirri vildleitni hlýtur að velta á þroska og skilningi heimamanna og raunar allra Íslendinga . . .“

Segja má að staðan sé óbreytt enn þann dag í dag hvað þetta varðar. Verndargildi Laxár og Mývatns er óumdeilt, sbr. sérstök lög þar um frá 1974. Þá má einmitt nefna að einmitt þetta svæði, þ.e. Mývatn-Laxá, er skráð fyrir Íslands hönd sem aðili að Ramsarsáttmálanum svonefnda um verndun votlendissvæða, en jafnframt þessu hefur byggð vaxið við Mývatn með árunum og ferðamannastraumur aukist. Verulegur hluti þess fólks, sem býr í þéttbýliskjarnanum í Reykjahlíð, starfar í Kísiliðjunni og allmargt fólk annars staðar úr sveitinni.

Eins og nú standa sakir má segja að þetta fólk eigi allt sitt undir því að fyrirtækið starfi áfram því að atvinna fyrir jafn margt fólk og þar starfar verður ekki hrist fram úr erminni fyrirvaralaust í litlu byggðarlagi. Það er því að vonum að ugg setji að fólki er óvissa skapast um áframhaldandi rekstur Kísiliðjunnar eins og nú hefur nýlega gerst í tengslum við endurnýjun á námavinnisuleyfi fyrirtækisins.

Tillaga þessi er ekki síst flutt vegna þess öryggisleysis fyrir viðkomandi fólk og byggðarlag sem felst í óbreyttu ástandi. Slíkt er óþolandi og leggst sem köld hönd á allt athafnalíf og mannlíf í hverju því byggðarlagi sem við slíkt býr. Það væri hins vegar óhyggilegt að vera ekki við þeim möguleika búinn að til þess geti komið að stöðva verði rekstur Kísiliðjunnar hf. þar sem það á að vera hafið yfir deilur hvort verður að víkja rekstur Kísiliðjunnar eða verndun Mývatns ef í ljós kemur að þetta tvennt fer ekki saman.

Auðvitað er eðlilegt að vona að niðurstöður rannsókna á áhrifum kísilgúrtöku á lífríki Mývatns sýni að sé hægt að nýta vatnsbotninn framvegis á einhverjum svæðum enn um langa hríð. Fram hjá hinu má ekki líta að aðgerðir til verndar Mývatni verða að vera þess eðlis að séð sé við því fyrir fram að ekki hljóttist tjón af. Það er ekki réttlætjanlegt að taka verulega áhættu þegar í hlut á náttúru og lífríki jafnsérstakt og dýrmætt og hér um ræðir og öll starfsemi á svæðinu verður að vera innan þeirra marka að vissa sé fyrir því að lífríki og náttúrufari sé ekki stofnað í hættu. Til að draga úr slíkri óvissu er þörf öflugra og vandaðra vísindalegra rannsókna á náttúrunni og mats hæfustu sérfræðinga á grundvelli þessara rannsókna.

Hvað varðar þá áætlun sem tillagan gerir ráð fyrir að unnin verði er þar átt við úttekt á möguleikum til atvinnuuppbyggingar í Mývatnssveit sem komið gæti í staðinn fyrir rekstur Kísiliðjunnar hf. ef til þess að hún yrði að hætta rekstri. Ef sú verður niðurstaðan í framtíðinni er mikilvægt að nýta sem best þann tíma sem gefst til aðlögunar að breyttum aðstæðum svo að komast megi hjá röskun á högum fólks eftir því sem kostur er. Eðlilegt er að leita leiða til að skapa hliðstæðan fjölda starfa og nú eru í Kísiliðjunni sem tekið gætu við þegar Kísiliðjan hættir eða samhliða því sem hún dregur saman seglin.

Það er ljóst að opinberir aðilar geta ekki hlaupist frá ábyrgð í þessu máli. Í fyrsta lagi er Kísiliðjan ríkisfyrirtæki að meiri hluta og sú ákvörðun að setja þetta fyrirtæki niður í Mývatnssveit hefur haft úrslitaáhrif á þróun byggðar þar. Í öðru lagi hefur svo Alþingi sett sérstök lög um verndun svæðisins og heimamenn eiga því fullan rétt á að krefjast þess af hinu opinbera að það beiti sér fyrir aðgerðum til lausnar vandamála sem skapast vegna samspils þessara þátta.

Vonir standa nú til þess að verulega rætist úr með rannsóknir á náttúru og lífríki í Mývatnssveit og léttist þá vonandi eitthvað byrði vanrækslusyndarinnar á herðum opinberra aðila í því sambandi. Öflugar og víðtækar rannsóknir eru fyrsta skrefið til skynsamlegrar lausnar á sambúðarvandamálum manns og náttúru í Mývatnssveit sem og reyndar annars staðar og þar mega ríki og fjárveitingavald ekki lengur halda að sér höndum. Flutningsmaður þessarar tillögu ætlar sér ekki þá dul að segja fyrir um niðurstöður rannsókna en telja verður hyggilegt að nýta tímann sem best og vera viðbúinn hverju því svari sem út úr slíkum rannsóknum kann að koma. Ella er hætt við að menn standi í sömu sporum og með vissu millibili teljist óvissa ríkja um framtíð Kísiliðjunnar öllum aðilum til tjóns.

Reyndar má segja að hvað sem framtíð Kísiliðjunnar hf. líður væri ástæða til að athuga sérstaklega þróunarforsendur atvinnulífs og mannlífs í Mývatnssveit vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna sem þar eru og vikið var að í upphafi þessarar greinargerðar. Ríkisvaldið sem eigandi Kísiliðjunnar hf. og reyndar einnig Kröfluvirkjunar (nú í eigu Landsvirkjunar hf.) svo og Alþingi, sem sett hefur sérstök lög um verndun svæðisins, bera mikla ábyrgð í þessu máli gagnvart heimamönnum og gagnvart íslensku þjóðinni allri.

Fylgiskjal I.**Bréf Steingríms J. Sigfússonar til hreppsnefndar Skútustaðahrepps.**
(11. mars 1985.)

Meðfylgjandi uppkast að tillögu til þingsályktunar er afrakstur vangaveltna minna undanfarið um atvinnumál í Mývatnssveit og um framtíð Kísiliðjunnar. Ég hef sent uppkastið til annarra þingmanna kjördæmisins og verður það væntanlega rætt í okkar hópi á næstunni.

Mér þætti vænt um að heyra frá ykkur heimamönnum fljótlega hvernig ykkur list á tillöguflutning í þessa átt.

Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal II.**Svarbréf hreppsnefndar Skútustaðahrepps til Steingríms J. Sigfússonar.**
(12. apríl 1985.)

Varðandi upphaf að þingsályktunartillögu um atvinnumál í Mývatnssveit.

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps þann 29. mars 1985 var tekið fyrir áður nefnt uppkast.

Eftirfarandi var samþykkt:

„Sveitarstjórn lýsir stuðningi við áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit og væntir þess að þingmenn kjördæmisins standi sameiginlega að tillöguflutningi. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir að fá endanlega tillögu og greinargerð til umsagnar.“

Arnaldur Bjarnason.

sveitarstjóri Skútustaðahrepps.

Fylgiskjal III.**Bréf sveitarstjórnar Skútustaðahrepps
til þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra.**
(8. mars 1988.)

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 25. jan. sl. var rætt bréf frá Steingrími J. Sigfússyni er varðar hugsanlegan endurflutning á tillögu til þingsályktunar um áætlun um

uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit sem hann flutti á 107. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu þá.

Í tilefni af þessu bréfi var eftirfarandi samþykkt:

„Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggur áherslu á að tillaga til þingsályktunar um áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit, sem flutt var á 107. löggjafarþingi af Steingrími J. Sigfússyni, verði endurflutt nú á 110. löggjafarþingi. Sveitarstjórn skorar á þingmenn kjördæmisins að sameinast um flutning hennar og taka með því höndum saman um að tryggja henni framgang. Jafnframt óskar sveitarstjórn eftir því að fá tillöguna til umsagnar í því formi sem hún verður lögð fram í nú.“

Jón Pétur Línal,
sveitarstjóri Skútustaðahrepps.

Fylgiskjal II.

*Iðnaðarráðuneytið,
umhverfissráðuneytið:*

FRÉTTATILKYNNING

Námaleyfi Kísiliðjunnar við Mývatn

Ráðgjafarhópur um könnun á áhrifum kísilgúrnáms úr botni Mývatns leggur til að efnistaka Kísiliðjunnar h.f. verði áfram í Ytri flóa meðan á rannsóknum á setflutningum í vatninu stendur á árinu 1992. Námaleyfið verði síðan endurskotið í ársbyrjun 1993 en þá er áætlað að niðurstöður rannsókna á setflutningum liggi fyrir.

Ráðgjafarhópurinn var skipaður af iðnaðarráðherra í ársbyrjun í samráði við umhverfissráðherra eftir að skýrsla sérfræðinganeftdar um Mývatnsrannsóknir haustið 1991 hafði beint athyglinni að setflutningum í vatninu, áhrifum kísilgúrnámsins á þá og hugsanlegri röskun á lífríki vatnsins vegna þeirra.

Ráðgjafarhópnum var falið:

- * Að gera tillögu um rannsóknaráætlun er taki til breytinga á setflutningunum sem orsakast af námavinnslu Kísiliðjunnar og áhrifa þeirra á lífkerfi vatnsins.
- * Að leggja drög að skipulagi rannsókna.
- * Að skilgreina nánar þá kosti sem um er að velja varðandi takmarkanir á kísilgúrnámi Kísiliðjunnar meðan á rannsóknunum stendur.

Helstu niðurstöður ráðgjafarhópsins sem nú hefur lokið störfum eru þær að gera þurfi frekari rannsóknir á setflutningum í Mývatni, hvernig þeir breytist við áframhaldandi kísilgúrnám og hver séu líkleg áhrif breytinga á setflutningum á lífríki vatnsins.

Hópurinn leggur til að gert verði vandað straumfræðilegt reiknilíkan á grundvelli ítarlegra mælinga á vatninu svo unnt sé að meta áhrif kísilgúrnáms á strauma og setflutninga í vatninu. Hópurinn leggur einnig til að gerðar verði rannsóknir á áhrifum setflutninga og gildi sets fyrir lífríki vatnsins. Þá leggur ráðgjafarhópurinn til að kannaðar verði mismunandi aðferðir við kísilgúrnámið meðal annars til að draga úr áhrifum þess á setflutninga. Enn fremur leggur hópurinn áherslu á að fylgt verði "bestu umgengnisvenjum" og "bestu fáanlegri tækni" við kísilnámið og rekstur verksmiðjunnar frá sjónarmiði umhverfisverndar.

Hópurinn leggur til að rannsóknunum stýri hópur þriggja sérfræðinga sem umhverfisráðherra skipi í samráði við iðnaðarráðherra.

Loks leggur ráðgjafarhópurinn til að efnistaka Kísiliðjunnar h.f. verði áfram í Ytriflóa meðan á rannsóknunum á setflutningunum stendur, þ.e.a.s. á árinu 1992 og námaleyfið verði síðan endurskodað í ársbyrjun 1993 þegar niðurstöður þessara rannsókna liggja fyrir. Rannsóknaráætlunin í heild verði til þriggja ára og hefjist vinna samkvæmt henni í næsta mánuði.

Á fréttamannafundi sem haldinn var í Hótel Reyhlið í dag, föstudag, kom fram að iðnaðar- og umhverfisráðherrar hygðust, að höfðu samráði við þá sem hagsmuna eiga að gæta, fara í meginatriðum að tillögum ráðgjafarhópsins. Á næstunni verða gerðar breytingar á námaleyfinu í samræmi við þetta. Lögð verður sérstök áhersla á að flýta þeim rannsóknum sem nauðsynlegar eru til þess að eyða óvissu um framtíð Kísiliðjunnar við Mývatn.

Mývatnssveit, 27. mars 1992

Fylgiskjal III.*Iðnaðarráðuneytið:*

Skýrsla ráðgjafarhóps
um könnun á áhrifum kísilgúrnáms
á setflutninga í Mývatni
og mikilvægi þeirra fyrir lífríki vatnsins

Breytingar á námaleyfi Kísiliðjunnar h.f.

Útdráttur

úr skýrslunni og almennar upplýsingar um málið

1. INNGANGUR

Rekstur Kísiliðjunnar hófst 1967 og rann upphaflegt námaleyfi verksmiðjunnar út í ágúst 1986. Árið 1984 óskaði Kísiliðjan eftir því að námaleyfi félagsins yrði endurnýjað. Árið 1985 ákvað iðnaðarráðherra að framlengja leyfið um 15 ár eða til ársins 2001. Nokkrar breytingar voru gerðar á leyfinu á árinu 1986 og var það endurútgefið hinn 10. desember það ár. Í leyfinu var kveðið á um að fram til 13. ágúst 1991 skyldi námuvinnslan takmörkuð við ákveðið svæði í svonefndum Ytri flóa. Sú takmörkun var síðan framlengd á síðastliðnu ári til 31. mars 1992, þannig að ráðrúm gæfist til að meta niðurstöður skýrslu svokallaðar "Sérfræðinganefndar um Mývatnsrannsóknir" og leggja drög að rannsóknaráætlun um breytingar á setflutningum í vatninu og áhrifum þeirra á lífvef vatnsins.

Í leyfinu frá 1986 var kveðið á um að menntamálaráðherra (umhverfisráðherra) skyldi skipa nefnd fimm sérfróðra manna og fimm til vara ("Sérfræðinganefnd um Mývatnsrannsóknir"), samkvæmt tilnefningu Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn, sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, Kísiliðjunnar og landeigenda og veiðifélaga, til að hafa umsjón með rannsóknum á áhrifum námarekstursins á

dýralíf og gróður í og við Mývatn. Nefndin skilaði álit í ágúst 1991 og niðurstöður hennar voru meðal annars þær "að áhrif setflutninga innan Ytriflóa og afleiðingar þess að Ytriflói flytur ekki út set eins og áður var gætu skipt máli. Það er verkefni frekari rannsókna sem ekki hefur gefist ráðrúm til eftir að þær staðreyndir komu í ljós."

2. SKIPUN RÁÐGJAFARHÓPS Í ÁRSBYRJUN 1992

Eins og ljóst er af framansögðu beindi "sérfræðinganefndin" athyglinni sérstaklega að setflutningum og hugsanlegum áhrifum kísilgúrnámsins á þá. Undir þetta var tekið í álit Náttúruverndarráðs og stjórnar Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Ljóst var því að rannsaka þyrfti setflutningana frekar og í lok síðastliðins árs ákvað iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra að skipa ráðgjafarhóp sem falin voru eftirtalin verkefni:

- 1) Að gera tillögu um rannsóknáætlun sem taki til breytinga á setflutningum sem orsakast af námuvinnslu Kísiliðjunnar og áhrifa þeirra á lífvef Mývatns.
- 2) Að leggja drög að skipulagi rannsókna.
- 3) Að skilgreina nánar þá kosti sem um er að velja varðandi takmarkanir á kísilgúrnámi Kísiliðjunnar meðan á rannsóknum stendur.

Í hópinn voru skipaðir

Davíð Egilsson, jarðverkfræðingur, formaður,
 Árni Snorrason, vatnafræðingur,
 Sigurður Snorrason, líffræðingur,
 Böðvar Jónsson, bóndi og
 Einar Tjörvi Elíasson, verkfræðingur.

3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR RÁÐGJAFARHÓPSINS

Ráðgjafarhópurinn hefur nú lokið störfum. Helstu niðurstöður hans eru:

i. Að leita þurfi svara við eftirfarandi spurningum:

- 1) Hvernig er setflutningum háttað í Mývatni miðað við núverandi ástand?
- 2) Hvernig er líklegt að þeim hafi verið háttað fyrir námavinnslu og landris?
- 3) Hvernig er líklegt að þeir breytist við áframhaldandi kísilgúrnám miðað við mismunandi staðsetningu námasvæðis?
- 4) Hver eru líkleg áhrif breytinga á setflutningum á lífríkið?
- 5) Er líklegt að aðrir þættir en kísilgúrnám hafi veruleg áhrif á samspil setflutninga og lífríkis?

ii. Rannsóknáætlun

Þekking á Mývatni og lífríki þess fyrir landris og kísilgúrnám er takmörkuð. Hópurinn leggur því til að gert verði straumfræðilegt reiknilíkan sem líki eftir straumum og setflutningum í vatninu byggt á ítarlegum mælingum á vatninu. Líkanið verði m.a. notað til þess að meta áhrif liðinna atburða, svo sem kísilgúrnáms og landriss vegna umbrota á Kröflusvæði og spá fyrir um áhrif vegna mismunandi vinnslu kísilgúrs úr vatninu. Þá gerir hópurinn tillögur um rannsóknir er tengjast áhrifum setflutninganna á lífríki Mývatns og fleira.

Mikilvægt er að ljúka gagnaöflun við gerð reiknilíkans á komandi sumri enda er það nauðsynleg forsenda fyrir nánari ákvörðun um ýmis rannsóknaverkefni sem tengjast áhrifum setflutninga á lífríki Mývatns. Lagt er til að beðið verði með dýrari rannsóknir sem byggja á niðurstöðum athugana á setflutningum þar til þær liggja fyrir.

Hópurinn skiptir verkefninu í fjóra þætti:

- 1) Mat á setflutningum.
- 2) Áhrif setflutninga á lífríkið.
- 3) Vinnsla Kísiliðjunnar.
- 4) Almenn umgengni um svæðið.

Rannsóknáætlunin miðast við það að niðurstöður úr rannsóknum á setflutningunum fái fyrir árslok 1992 en niðurstöður úr rannsóknum á áhrifum setflutninga á lífríkið um áramótin 1994/1995.

iii. Stjórn verkefnis

Hópurinn leggur til að verkefninu verði stýrt og árangur þess metinn af þriggja manna verkefnishópi sérfræðinga sem skipaðir verði af umhverfisráðuneytinu. Í hópnum verði einn tæknimenntaður maður, einn líffræðingur og formaður sem hafi reynslu af stjórnun.

iv. Tilhögun kísilgúrnáms á meðan á rannsóknum stendur

Ráðgjafarhópurinn leggur til að Kísiliðjunni h.f. verði gert að halda sig á Ytriflóa meðan á rannsóknum á setflutningum stendur, þ.e. á árinu 1992. Það er nauðsynlegt til þess að unnt sé að kvarða það reiknilíkan sem ætlað er til að meta setflutningana. Námaleyfið verði síðan endurskodað í ársbyrjun 1993 þegar niðurstöður úr rannsóknum liggja fyrir. Í ljósi þeirra svara sem þar fást verður metið hvort framlengja þurfi takmörkunina.

4. NÁMALEYFI KÍSILIDJUNNAR HF

Áformað er að gera nauðsynlegar breytingar á námaleyfi Kísiliðjunnar á næstunni. Gert er ráð fyrir að farið verði í meginatriðum að tillögum ráðgjafarhópsins. Þannig er ekki gert ráð fyrir að gildistíma leyfisins verði breytt eða því raskað í grundvallaratriðum. Í leyfinu verði m.a.:

- 1) Takmarkanir á vinnslu á námasvæðinu verða framlengdar til 31. mars 1993 í samræmi við tillögur ráðgjafarhópsins. Með því verður vinnslan áfram bundin við Ytriflóa þann tíma. Bóðuð verði endurskoðun á þessum takmörkunum í ljósi þess mats á setflutningum í vatninu sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir í lok þessa árs.
- 2) Kveðið verður á um rannsóknir á straumum og setflutningum í vatninu, gerð reiknilíkans til að líkja eftir þeim, mat á áhrifum kísilgúrnámsins á setflutninga og loks áhrifum röskunar í setflutningum á lífvef vatnsins.
- 3) Kveðið verður á um að Kísiliðjan skuli taka tillit til rannsókna við námavinnsluna og við frágang á dældum svæðum.
- 4) Kveðið verður á um að umhverfisráðherra skipi þriggja manna verkefnishóp til að stýra rannsóknum á setflutningum og áhrifum þeirra á lífríki vatnsins og öðrum rannsóknum sem ráðgjafarhópurinn telur nauðsynlegar.
- 5) Kveðið verður á um að Kísiliðjan skuli styðjast við "bestu umgengnisvenjur" og "bestu fánlegu tækni" við námavinnsluna og geymslu og vinnslu efnisins.

5. FJÁRMÖGNUN RANNSÓKNANNA

Heildarkostnaður við rannsóknirnar er áætlaður um 40-45 Mkr á næstu þremur árum. Iðnaðarráðuneytið hefur þegar hafið viðræður við Kísiliðjuna og óskað eftir því að hún leggi aukið fé til þeirra. Ljóst er þó að ekki er unnt að gera kröfu til þess að hún greiði þær að fullu meðal annars vegna þess að gert er ráð fyrir rannsóknum á þáttum er lúta að annarri starfsemi við vatnið og öðrum þáttum er geta skýrt miklar sveiflur í lífríkinu við vatnið. Gert er ráð fyrir að gjald sem verksmiðjunni er gert að greiða vegna kísilgúrnámsins renni áfram til rannsókna. Umhverfisráðherra mun gera tillögu um útvegum fjármagns til þess að kosta hlut ríkissjóðs í rannsóknunum.

6. KYNNING MÁLSINS

Miðvikudaginn 25. mars s.l. buðu iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra þingmönnum sem sæti eiga í umhverfisnefnd Alþingis og þingmönnum Norðurlandskjördæmis Eystra til fundar þar sem skýrslan var kynnt.

Fimmtudaginn 26. mars héldu ráðherrar fund með Náttúruverndarráði og formanni og framkvæmdastjóra Rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn.

Föstudaginn 27. mars voru haldnir fjórir fundir með eftirtöldum aðilum á Norðurlandi.

1. Héraðsnefnd Suður Þingeyjarsýslu
2. Stjórnnum veiðifélaga og landeigendafélags við Laxá og Mývatn.
3. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.
4. Fulltrúum Kísiliðjunnar hf. og starfsmönnum hennar.

Að loknum þessum samráðsfundum verður skýrslan kynnt opinberlega á fréttamannafundi í Hótel Reynihlíð í Mývatnssveit.